

Svefn

Þegar ég var barn átti amma mín það oft til að þykjast sofna til þess að ná athygli minni. Hún settist þá í stofusófann, lagði annan handlegginn yfir augun og hraut lágt, á nánast kurteisan hátt. Það virkaði í hvert einasta skipti. Sama hvort ég væri að troða mér undir stofuborðið, elta gömlu læðuna á röndum eða troða mér í skóna til þess að flýja húsið í bræðiskasti, þá hljóp ég alltaf yfir til hennar þegar ég sá syfjulegt andlitið, hálfpartinn falið undir öðrum handleggnum. Þegar ég var kominn að henni greip ég um höndina og hristi þangað til hún þóttist vakna. Partur af mér vissi að þetta væri leikur og partur af mér vissi að hún gerði þetta til þess að ná athygli minni. Það skipti ekki máli, ýkt viðbrögðin sem ég fékk frá henni þegar hún þóttist vakna voru alltaf þess virði.

Foreldrar mínir léku bæði í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Mamma lék á fiðlu, pabbi á túbu. Kvöldin sem þau léku á tónleikum gisti ég hjá ömmu. Rútínan var alltaf sú sama. Mamma og pabbi komu með mig til ömmu klukkan hálf fimm, þau stoppuðu rétt svo nógu lengi til þess að þiggja einn kaffibolla en voru yfirleitt farin áður en ég náði að klára alla þá kanilsnúða sem amma bar fyrir mig. Þegar ég var búinn að borða spiluðum við veiðimann og stundum ólsen ólsen. Klukkan sex fór amma að elda kvöldmat og á meðan fékk ég að leika mér með dótið inni í gestaherbergi. Svo var kvöldmaturinn borðaður, yfirleitt grjónagrautur eða gúllas. Eftir það lék ég mér meira inni í herbergi á meðan amma sat inni í stofu og þrjónaði á meðan hún horfði á sjónvarpið, alveg sama hvort það var breskur *whodunit*-þáttur eða Útsvar á dagskránni. Það var yfirleitt á þeim stundum sem amma greip til svefn-lausnarinnar ef ég var með eitthvað vesen. Þá kom hún garninu vel upp á þrjónanna áður en hún lokaði augunum. Einu sinni hafði ég vakið hana með því að grípa pott og sleif á slá saman. Amma hafði rokið upp, rífið það af mér og fussað eitthvað um ærslaganginn í mér. Ég gerði það ekki aftur.

Eftir þrjónið háttuðum við og amma las fyrir mig bók áður en ég fór að sofa, nema á laugardagskvöldum, þá horfðum við yfirleitt á mynd og borðuðum vínber. Stundum sofnaði hún á undan mér yfir myndinni og þá tók ég um aðra hönd hennar og hristi

hana þangað til hún vaknaði, þó að ég vissi að í þetta skiptið væri hún raunverulega sofandi og ég átti ekki að vekja hana. Þegar hún opnaði augun brosti ég sakleysislega.

Það var fimmtudagur. Amma var að sjóða grjónagraut og ég hafði beðið þó nokkuð lengi inni í gestaherbergi eftir því að hún kallaði á mig í mat. Ég sat inni í herbergi og hafði loksins tekist að rífa hárið af pleymó-kalli. Eftir að hafa troðið pleymó-mús inn í hausinn á honum fór ég fram í eldhús að biðja um vatnsglas. Amma var ekki þar en ég færði tröppurnar sem hún átti upp að eldavélinni og tók lokið af pottinum. Grauturinn var orðinn svo þykkur að þegar hann mallaði komu hvellir upp úr honum. Ég tók upp sleifina. Botn pottsins var hrjúfur.

Amma var heldur ekki inni í svefnherbergi.

Það var skrítið að sjá hana í stofusófanum og þykjast sofa. Ég hafði ekki gert neitt. Það þýddi ekki að mig langaði ekki til þess að sjá viðbrögðin hennar þegar ég vekti hana. Ég gekk yfir til hennar, að sófanum þar sem hún lá skáhallt yfir hann. Höndin lá ekki hálfvegis yfir andlitinu eins og þegar hún þóttist sofa en augun voru hálfopin. Þegar hún sofnaði yfir myndum voru augun hennar oft hálfopin.

Ég tók um hönd hennar og hristi. Ég hristi enn meira. Ég hristi báðar hendurnar. Svo lagði ég hnefana á magann hennar og ýtti. Hristi axlirnar. Hún vaknaði ekki.

Ég fór aftur inn í gestaherbergi og tók músina úr hausnum á kallinum. Festi hárið aftur á. Lék mér með músina og köttinn og lét þau eltast við hvort annað eftir svefnsófanum.

Ég athugaði aftur með ömmu. Hún svaf ennþá, annar fóturinn lafði niður af sófanum. Inniskórinn hafði dottið af honum og lá á gólfinu.

„Amma, ég er svangur.“

Ég hristi hana aðeins meira þangað til ég byrjaði að öskra á hana. Ég fór inn í eldhús, tók sleifina sem var út ötuð í hrísgrjónum og mjólk úr pottinum, greip tóman pott úr skúffu og byrjaði að lemja þeim saman.

Hún vaknaði ekki.

Amma hafði kennt mér á heimasímann og ég hringdi í mömmu. Það var hlé á tónleikunum. Ég sagði henni að amma væri sofandi og að ég vildi ekki gista hjá henni, ég væri með magaverk.

Þau gátu ekki sótt mig strax, þau þurftu að klára tónleikana.

Ég man ég lagði heimasímann frá mér á stofuborðið. Bara ef mamma eða pabbi myndu hringja aftur, þá væri stutt fyrir ömmu að teygja sig í hann og svara. Ég fór inn í eldhús, hrærði í grautnum, bætti meiri mjólk út í hann, hellti óvart niður á kalda hluta eldavélarinnar og þurrkaði það upp með viskastykki. Á einhverjum tímapunkti fór ég inn í svefnherbergi og sótti köflotta rúmteppið hennar ömmu og breiddi það yfir hana inni í stofu, passaði samt að það væri ekki yfir andlitinu og lyfti höndunum hennar svo að þær hvíldu á teppinu. Ég held það hafi verið eftir það sem ég laumaðist aftur inn í eldhús og stalst til þess að borða tvö vínber úr ísskápnum. Svo snéri í pokanum við í von um að það sæist ekki að ég hefði tekið berin.

Ég man ekki eftir því þegar mamma og pabbi komu að sækja mig. Ég held ég hafi sofnað á hinum stofusófanum og að þau hafi ekki vakið mig heldur haldið á mér út í bíl.

Nokkrum dögum seinna sögðu þau mér að amma væri dáin.

Í minningunni höfðu þau bæði komið að sækja mig í leikskólann, venjulega kom bara annað þeirra. Ég veit þessi minning er að einhverju leyti ekki sönn. Amma dó þegar ég var sjö ára, svo það getur ekki verið að þau hafi verið að sækja mig úr leikskólanum. En ég man að ég sat inni í Skodanum sem þau höfðu keypt nokkru áður. Það var ilmvatnslykt í honum sem gerði mig bálveikan og átti eftir að gera næstu árin. Foreldrar mínir sátu fram í, ég var tjóðraður niður í bílstólinn minn fyrir aftan mömmu og tók vel eftir því hvernig þau gutu augunum reglulega hvort á annað. Ég hélt það væru kannski bara fréttirnar í útvarpinu, það var verið að segja frá konu sem hafði svindlað einhvern veginn og fengið tuttugu ára fangelsisdóm. Venjulega skiptu fréttirnar foreldra mína litlu máli en ég hugsaði að kannski væri það bara vegna þess að það væri ekki svo venjulegt að konur færu í fangelsi.

Það var mamma sem sagði mér að amma væri dáin. Hún reigði sig aftur í sætinu, minnti helst á uglu sem getur auðveldlega beygt höfuðið í 180 gráður. Pabbi horfði á mig eins og hann héldi að ég myndi strax byrja að öskra og horgrenja. Ég gerði það ekki.

Ég var of ungur til þess að fá að fara í jarðarförina.

Auðvitað skil ég þetta betur í dag en ég ræði þetta ekki við foreldra mína. Þau hafa aldrei minnst á þetta, raunar grunar mig að þau haldi að ég muni ekki eftir síðustu

heimsókninni og ég hef engan áhuga á að segja þeim að ég muni eftir henni og skilji það sem gerðist. Ætli ég hafi ekki alltaf skilið það.

Þegar ég sá manninn minn þykjast sofna í fyrsta skipti fyrir framan son okkar, hvernig hann hallaði sér upp að koddanum og þóttist hrjóta og hvernig fyrstu viðbrögð sonar okkar voru að vekja hann, þá rauk ég upp úr rúminu, klæddi mig í regnjakka og íþróttaskó og æddi út í kalda desembernóttina. Þrátt fyrir að búa í Giljahverfinu á þessum tíma og finna að regnjakkin og þunnar náttbuxur yrðu ekki nóg til þess að halda á mér hita lengi gekk ég alla leiðina að kirkjugarðinum. Ég vissi allan tímann að ég væri að stefna þangað en þegar ég kom að honum snéri ég við og fór heim aftur án þess að fara inn í garðinn.

Ég hef ekki sagt manninum mínum frá þessu eða hvers vegna ég rauk út um mitt kvöld, svo illa klæddur að ég var með hita daginn eftir. Ég held að ég muni aldrei gera það. En ég get ekki útskýrt hvers vegna ekki. Ég elska hann en ég held hann myndi ekki skilja þetta almennilega. Hann myndi gera mál úr þessu þegar það þarf ekki að vera þannig. Þetta, þessi heimsókn, þarf ekki að vera neitt mál.

Ég vil ekki að það verði að einhverju máli.